

Raunir Jósefs og Volodymyr. Rafmyntasvikin og eldflaugin

Í Bandaríkjunum er oss auðævanna undrabarn fætt, Sam Bankman-Fried, þrítugur að aldri (f. 1992). Afrekaskráin er þó ósvikin, þótt ungur sé að árum. En hann hafði í heimanmund peningagagnfræði móður sinnar, sem er fjársýslufræðingur.

Sam stofnaði fjársýslufyrirtæki, rafmyntarumsýslusjóð (cryptocurrency). Rafmyntina kallaði hann FTX. Fyrirtækið var staðsett á Bahamaeyjum og naut þegar gríðarlegrar velgengni, þökk sé stuðningi auðmanna vestan hafs og austan. M.a. komst hann á velþóknunarlista Alheimsefnahagsráðsins (World Economic Forum). Sam komst líka inn á gafl hjá sjálfum „Sam frænda,“ Joseph Biden. Enda sýndi hann meiri gjöfli en sjálfur George Soros; gaukaði enn þá hærri upphæð að kosningasjóðum Jósefs.

Góðvinur Jósefs, Volodymyr Zelensky, húsgangur í stofum allra Evrópubúa, sá sér þarna auðgunarleik á borði, enda þaulvanur orðinn í boði Biden feðga og stjórnvalda Vesturlanda. Hann lét embættismenn sína stofna betlisjóð í umsjón undrabarnsins, sem fór lofsamlegum orðum um baráttu Volodymyr fyrir frelsi og lýðræði í heiminum, svo og hjartnæmum áhuga hans á velferð þegna sinna.

Sam sló forseta sínum einnig gullhamra. Sagðist hrífast af yfirgripsmiklum stöðugleika, sem honum fylgdi, og skynsemi við ákvarðanatöku.

Svikamylla var FTX auðvitað, m.a. með þátttöku bandarískra þingmanna úr báðum örmun samflokksins. Þeir sendu Úkraínumönnum ógnarlegar fúlgur í boði skattgreiðenda. Svo bættist við afrakstur betlistafsherferðar Volodymyr meðal almennra borgara. Forsetinn og félagar notuðu hluta betlifjárins til að kaupa rafmynt frá FTX, hluti þess flæddi umsvifalaust tilbaka í kosningasjóðina – einkum sjóði Lýðræðisflokksins (Demókrata) - að frádregnum ýmislegum kostnaði. (Þetta er svipað fyrirkomulagi því, sem Clinton hjónin beittu á Haiti.)

En spilaborgin féll og milljarðar dala hurfu sporlaust. Hvert fóru þeir? Um svipað leyti gekk Volodymyr frá samvinnusamningi við hinn öfluga ávöxtunarsjóð, Svarta Klett (Black Rock). Volodymyr hafði áður auglýst á Wall Street, að Úkraína stæði galopin og tæki fjárfestum opnum örmum. (Margir eru þar nú þegar.)

Spilaborgin féll skömmu áður en eldflaug hitti sveitaþorp í Póllandi. Volodymyr sver og sárt við leggur, að flaugin komi ekki frá Úkraínumönnum, þrátt fyrir órækar sannanir þess efnis úr öllum áttum. (En hann kynni að hafa fengið sér hressilega í nös eins og vinur hans, Hunter Biden.) Staðhæfingar forsetans um eldflaugaeyðilegginu

Rússa á innviðum Úkraínu, samtímis því, að flestar eldflauganna hefðu verið skotnar niður, gætu einnig gefið vísbendingar í þá átt.

Hinn stríðsbrjáláði utanríkisráðherra Úkraínu, Dymtro Kuleba, kunngjörði eins og gefur að skilja, að Rússar væru svona óhittnir eða hefðu viljað velgja Pólverjum undir uggunum. Hugleiðingar um aðrar skýringar væru samsæriskenningar. (Þetta hefur hann trúlega lært í skóla Leyniþjónustu Bandaríkjanna, sem fyrst beitti snilldarbragðinu til að kveða gagnrýnendur í kútinn.)

Það vakti athygli, að skömmu eftir, að flugin lenti, höfðu hin herskáu yfirvöld í Póllandi og Eystrasaltsríkjunum þegar sammælst um að virkja þyrfti fjórðu eða fimmtu grein sáttmála Nató um samráð og hugsanleg, sameiginleg viðbrögð.

Scott Ritter, veltir því fyrir sér, hvort hér séu samantekin ráð ofangreindra og einhverra í úkraínska hernum, til að særa Nató af alefli til þráðbeinna átaka. Scott, sem er hernaðarsérfræðingur, segir, að pólsk „beita“ hafi verið nauðsynleg til að beina flauginni til Póllands.

Volodymyr og stríðshaukar hans endurtóku þrábeiðni um loftvarnir frá Nató, sem hefðu falið í sér allsherjarstríð við Rússa. Til allrar hamingju tókst að afstýra því. Bandaríkjamenn voru tregir í taumi, hugsanlega vegna þess að bandarískur almenningur er við suðumark og að hart er sótt að Jósef í spillingarmálum. Það kann sömuleiðis að skipta máli, að leiðtogar leyniþjónustu Rússa og Bandaríkjamanna hafa í tvígang, að minnsta kosti, reynt að tala saman og afstýra kjarnorkustríði.

En viðskiptastríðið stendur en í fullum „blóma.“ RÚV fræddi okkur á því fyrir skemmstu, að aftur hæfust kornflutningar frá Úkraínu. Því er haldið fram, að kornið fari til þjóða, sem bíða hungursneyðar. En Rússar segja það að mestu fara til Vestur-Evrópu. Þar bíða á hafnarbökkum „árburðarfjöll,“ sem Rússar vilja flytja samkvæmt hjálparáætlun sinni til fátækra þjóða. En þessir farmar eru „frystir“ með svipuðum hætti og gjaldeyrisvarasjóður þeirra.

Það er hart í ári og skynsemi á erfitt uppdráttar, svo ekki sé talað um umhyggju og náungakærleika. Og ég sem hélt, að allar þær þjóðir, sem í hlut eiga, væru kristnar, og aðhylltust ástar- og fyrirgefningafræði stórmennisins frá Nasaret.

Ég hlýt að taka undir með skáldinu: „Jósef, Jósef, bágt á ég að bíða“ þess, að þú leyfir (Minsk)friðarsamninga í Úkraínu.

<https://derimot.no/det-var-enten-et-uhell-eller-en-bevisst-provokasjonukraina-stod-bak-missil-angrepet-mot-polen/>

<https://mronline.org/2022/08/01/west-prepares-to-plunder-post-war-ukraine-with-neoliberal-shock-therapy/>

<https://steigan.no/2022/06/zelenskijs-okonomiske-politikk-er-nyliberalisme-av-pinochet-typen/>

<https://www.kmu.gov.ua/en/news/ministerstvo-ekonomiki-ukrayini-pidpisalo-memorandum-iz-najbilshoyu-investkompaniyeyu-svitu>

<https://multipolarista.com/2022/09/09/zelensky-selling-ukraine-wall-street/>

<https://www.bloomberg.com/news/articles/2022-11-11/sam-bankman-fried-s-assets-go-from-16-billion-to-zero-after-ftx-collapse?#xj4y7vzkg>

<https://www.theblaze.com/news/report-over-1-billion-missing-after-democrat-megadonor-secretly-transferred-customer-funds-from-ftx-to-his-trading-company>

<https://en.interfax.com.ua/news/general/872588.html>

<https://steigan.no/2022/11/svindlet-kunder-for-enorme-summer-fortsatt-helt-i-new-york-times/>

<https://news.antiwar.com/2022/11/16/ukraine-at-odds-with-western-backers-over-missile-that-hit-poland/>

https://steigan.no/2022/11/andre-kilder-om-ftx-skandalen/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.bloomberg.com/news/articles/2022-11-11/sam-bankman-fried-s-assets-go-from-16-billion-to-zero-after-ftx-collapse?#xj4y7vzkg>

https://21shares.com/research/newsletter-issue-181/?utm_campaign=Newsletter&utm_medium=email&_hsmt=233898953&utm_content=233898953&utm_source=hs_email

<https://thegrayzone.com/2022/11/15/ftx-ukraine-western-aid/>

<https://steigan.no/2022/11/kollapset-kryptovalutabors-ftx-hadde-band-til-ukrainske-myndigheter-wef-og-ledende-biden-radgiver/>

https://celiafarber.substack.com/p/whats-the-gop-biden-investigation?utm_source=post-email-title&publication_id=257742&post_id=85391136&isFreemail=true&utm_medium=email

<https://steigan.no/2022/11/hvordan-world-economic-forum-og-andre-skjuler-sine-tidligere-band-med-ftx/>

<https://freebeacon.com/biden-administration/beleaguered-crypto-billionaire-was-hobnobbing-at-white-house-just-six-months-ago/>

<https://archive.ph/OfXp1>

<https://www.reuters.com/world/europe/polish-premier-calls-urgent-meeting-national-security-committee-2022-11-15/>

<https://responsiblestatecraft.org/2022/11/16/how-a-lightly-sourced-ap-story-almost-set-of-world-war-iii/>

<https://apnews.com/article/nato-ap-news-alert-europe-poland-government-and-politics-ba48101fd25c86e68e57dc56fe2adf80>

<https://steigan.no/2022/11/eu-beslaglegger-russisk-kunstgjodsel-beregnet-pa-fattige-land/>

https://alexberenson.substack.com/p/citizen-reporting-beats-legacy-media?utm_source=post-email-title&publication_id=363080&post_id=85165286&isFreemail=true&utm_medium=email

https://celiafarber.substack.com/p/whats-the-gop-biden-investigation?utm_source=post-email-title&publication_id=257742&post_id=85391136&isFreemail=true&utm_medium=email

<https://web.archive.org/web/20221112024919/https://www.weforum.org/organizations/ftx>

<https://scotlandtoday.online/collapsed-cryptocurrency-exchange-ftx-had-ties-to-ukrainian-government-wef-and-top-biden-adviser>

<https://steigan.no/2022/11/scott-ritter-hva-er-status-i-krigen-i-ukraina-etter-missilet-traff-polen/>